

Mál nr. 54/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp á Sæbraut í Reykjavík, skerðing bóta þ. 27.10.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.2.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags.27.1.2014.

Málsatvik.

M ók eftir Sæbraut í Reykjavík og ók á ljósastaur. Ökumaður A segir að hún hafi ekið á um 60 km. hraða og teygt sig aftur í í bifreiðina til að ná sér í drykk og sveigt þá til hægri út af akbrautinni án þess að gera sér grein fyrir því. Farþegar í bifreiðinni bera með sama hætti og ökumaður. Ökumaður næsta bíls á eftir A segir að bifreiðinni hafi verið ekið út af akbrautinni og á ljósastaur og uppeftir honum. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera 1/3 tjón síns sjálf þar sem hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af hálfu M er því hafnað að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og vísar M til dóms Hæstaréttar frá 1994 bls. 2154 sérstaklega sératkvæðis eins dómara. V telur að umferðaróhappið verði eingöngu rakið til stórkostlegs gáleysis M þegar hún teygði sig aftur í bifreiðina og því ekki horft fram fyrir sig í ákveðinn tíma og ekki getað leiðrétt stefnu bifreiðarinnar eða hemlað þrátt fyrir að bifreiðin stefndi á ljósastaur.

Álit.

M segist hafa teygt sig aftur í bifreiðina eftir drykkjarílati sem ekki liggur fyrir hvar var nákvæmlega staðsett. M fylgdist því ekki með akstursstefnu bifreiðarinnar í nokkra stund á fjölfarinni götu og sýndi með því af sér stórkostlegt gáleysi. M ber því tjón sitt sjálf að 1/3 hluta en fær það að öðru leyti bætt úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns hjá V en ber 1/3 tjóns síns sjálf vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 18.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.